



Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 13. desember 2013  
Tilv.: VEL13050185/06.12.00

### **Efni: Verkefni um samnýtingu upplýsinga**

Á vegum velferðarráðuneytisins er nú unnið að verkefni um samnýtingu upplýsinga til að auka skilvirkni og varna misnotkun í tengslum við greiðslur og veitingu réttinda/ívilnana frá opinberum stofnunum og sveitarfélögum til einstaklinga.

Verkefnið er hluti af framkvæmdaáætlun Upplýsingasamfélagsins 2013-2017. Starfandi er verkefnisstjórn sem skipuð er fulltrúum frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytinu. Velferðarráðuneytið fer með formennsku í verkefnisstjórninni. Þá hefur einnig verið myndaður samráðshópur sem auk fulltrúa frá fyrrnefndum aðilum er skipaður fulltrúum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Þjóðskrár Íslands og fjármálaráðuneytinu.

Verkefnisáætlun miðast við að vinna í upphafi stöðu- og þarfagreiningu vegna þeirra opinberu stofnana og sveitarfélaga sem í hlut eiga. Þar á eftir verði unnin verkáætlun um lögfræðileg og tæknileg úrlausnarefni og í framhaldinu verði hafin vinna við endurskoðun laga. Að því loknu muni verða mögulegt að hrinda í framkvæmd samtengingum á kerfum og er áætlað að eftir u.þ.b. tveggja ára reynslutíma fari fram úttekt á árangri.

Þeirri stöðu- og þarfagreiningu sem unnin verður í fyrsta hluta verkefnisins er ætlað að greina núverandi framkvæmd greiðslna og veitingu réttinda/ívilnana hjá þeim stofnunum og sveitarfélögum sem eru aðilar að verkefninu, hverjar eru helstu hindranir í framkvæmdinni og hvernig megi helst bæta úr. Ráðinn hefur verið starfsmaður til að vinna að þessari greiningu. Ljóst er að Samband ísl. sveitafélaga þarf að eiga samstarf við einstök sveitarfélög við vinnslu verkefnisins. Verkefnisstjórnin telur æskilegt að óska eftir samstarfi við eitt sveitarfélag, en samráð verði auk þess haft við önnur sveitarfélög eftir þörfum. Samband ísl. sveitafélaga hefur komið því á framfæri við verkefnisstjórn að óskað verði eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbær. Um ávinning bæjarins af því að taka þátt í verkefninu má nefna að ítarleg úttekt verður þá gerð á framkvæmd þjónustunnar. Hafnarfjarðarbær ætti að geta nýtt þá úttekt til að bæta þjónustu við íbúa auk þess að hafa möguleika á að koma á framfæri ábendingum við verkefnisstjórn og þá starfsmenn sem vinna muni stöðu- og þarfagreiningu um þau atriði sem helst eru talin skipta máli. Framlag starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar væri að veita starfsmönnum verkefnisins upplýsingar á fundum og hugsanlega með öðrum hætti. Tengiliður starfsmanna verkefnisins við Hafnarfjarðarbær myndi vera Þóra Björg Jónsdóttir, fulltrúi Sambands ísl. sveitafélaga í verkefnisstjórninni.

Hér með er óskað eftir þátttöku Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu og vonast verkefnisstjórnin eftir jákvæðum viðbrögðum.

F.h. ráðherra



Margrét Björnsdóttir  
skrifstofustjóri skrifstofu gæða og forvarna



Valgerður Gunnarsdóttir  
formaður verkefnisstjórnar